

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 5. tölul. X. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 84/539/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr., með þeim breytingum sem leiðir af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 varðandi lækningatæki.

3. gr.

EB-gerðirnar sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 130/1994 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki.

1. gr.

Ákvæði 1. gr. og f. liðar 2. gr. er vísar í 16. tölulið í IX. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun ráðsins 76/764/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kröfur til kvikasilfurs glerhitamæla með "maxima" álestri, fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 146/1994 um rafsegulsviðssamhæfi.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi texti:

Þeir samhæfðu staðlar sem nefndir eru í 1. tl. 2. mgr. eru þeir staðlar sem taldir eru upp í viðauka IV.

2. gr.

Eftirfarandi texti bætist við:

VIÐAUKI IV.

Heiti og tilvísanir í samhæfða Evrópustaðla sem uppfylla grunnkröfur.

RAFSEGULSVIÐSSAMHÆFI

Tilvísunarnr.	Heiti staðals	Útgáfuár
CENELEC EN 50065-1	Merkjaflutningur á lágspennulögnum á tíðnisviðinu 3 til 148,5 kHz. Hluti 1: Almennar kröfur, tíðnisvið og rafsegultruflanir.	1990
EN 50081-1	Rafsegulsviðssamhæfi - almennar kröfur varðandi útgeislun. Hluti 1: íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri iðnað.	1991
EN 50082-1	Rafsegulsviðssamhæfi - almennar kröfur varðandi ónæmi. Hluti 1: íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri iðnað.	1991